

SAMÞYKKT

um breytingu á heilbrigðissamþykkt fyrir Reykjavík nr. 11 20. janúar 1950.

1. gr.

Aftan við 7. tl. 79. gr. samþykktarinnar komi nýr málslíður, svo hljóðandi: Í nýlenduvarubúðum og öðrum sölustöðum, þar sem neytluvörur eru seldar, getur heilbrigðisnefnd bannað neytlu varanna á staðnum.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. febrúar 1964.

Samþykkt þessi, er borgarstjórn Reykjavíkur hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 35 12. febrúar 1940, um heilbrigðisnefndir og heilbrigðissamþykktir, staðfestist hér með eftir tillögum landlæknis og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 10. desember 1963.

Jóhann Hafstein.

Baldur Möller.

Nr. 221.

11. desember.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá um Föndur- og leikfangasjóð Skálatúnsheimilisins, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 11. desember 1963.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ**Föndur- og leikfangasjóðs Skálatúnsheimilisins.**

Stofnaður í tilefni 10 ára afmælis Efnalaugarinnar Björg. Sjóðurinn er gefinn Skálatúni á 5 ára afmæli Jóninu Magnúsdóttur, 28. nóv. 1963, að upphæð kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur.

1. gr.

Nafn sjóðsins er: Föndur- og leikfangasjóður Skálatúnsheimilisins.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að kaupum á föndurefni, leikföngum, leik-tækjum og öðru, sem getur orðið börnunum til þroska og ánægju, að dómi sjóðs-stjórnar.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Einn úr stjórn Skálatúnsheimilisins, forstöðukona Skálatúns og einn af ættingjum Jóninu, sem skal vera formaður sjóðsstjórnar.